

Sóknaráætlunarferlið 

Sóknaráætlun Vesturlands

2025–2029

FORSENDUR – FJÁRMAGN

Áhersluverkefni 246m kr.
Uppbyggingarsjóður 331m kr.

Alls 577m kr.

Sóknaráætlun
Vesturlands
2020-2024

Lög nr. 69 - 2015

Sóknaráætlanir landshluta
eru stefnumótandi áætlanir.
Í þeim koma fram:

Stöðumat
Framtíðarsýn
Markmið
Áherslur

UMHVERFI



Auka **umhverfisvitund** íbúa, stuðla að **kolefnisspor** dragist saman og neikvæð áhrif íbúanna á umhverfið verði sem minnst.

MENNING



Auka hlutdeild **skapandi** greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera áþreifanlega í **verðmætasköpun** landshlutans.

ATVINNA/NÝSKÖPUN



Stuðla að vexti atvinnulífs, auka nýsköpun, hækka menntunarstig og fjölga störfum án staðsetninga

VELFERÐ



Auka hamingju, félagslega virkni og vellíðan íbúa með fjölbreyttu framboði heilsueflandi afþreyingar.

SAMGÖNGUR



Auka umferðaöryggi með auknu hlutfalli vega með bundnu slitlagi, fjölga hleðslustöðvum og auka hlutdeild almenningssamgangna.

FERLI



Netkönnun
2 hópar



Ungmennáþing



Sóknaráætlun
Vesturlands
2020-2024

4 Fókushópar



Opinn fundur
82 áherslur



Framtíðarsýn – Markmið – Áherslur

ATVINNA OG NÝSKÖPUN
NÝSKÖPUN

MANNAUÐUR OG
VELFERÐ

UMHVERFI OG
LOFTSLAG

MENNING OG SKAPANDI
SKAPANDI GREINAR

Lokadrög



Sóknaráætlun Vesturlands

2025–2029

SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS
2025 - 2029



Íbúáping í Hjálmakletti
18. september 2024

Í maí 2024 hófst vinna við endurskoðun og endurmótun nýrrar sóknaráætlunar fyrir Vesturland á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV).

Nýja sóknaráætlunin nær til ára 2025 – 2029. SSV réð ráðgjafa frá Úrbana til þess að halda utan um vinnuferlið. Ráðist var í mat á núverandi áætlun með spurningalistakönnun. Efnt var til funda fókushópa þar sem afstaða ungs fólks, íbúa af erlendu bergi, brottfluttra Vestlendinga og stjórnar og starfsfólks SSV til Vesturlands og sóknaráætlunar var fengin og rædd. Samráð var haft við Ungmennaráð Vesturlands um þær áherslur sem ungt fólk telur mikilvægar. Auk þess var litið til áherslna samráðsvettvangs ungs fólks um byggðamál á Norðurlöndum. Samráðið um nýja sóknaráætlun var svo fullnustað með opnum íbúafundi í Hjálmakletti í Borgarnesi 18. september. Þar mættu rúmlega 50 manns og mótuðu forsíðu Skessuhorns árið 2035 með helstu fréttum úr landshlutanum ásamt helstu áherslum. Að lokum yfirfór samráðsvettvangur Sóknaráætlunar áætlunina.

Í sóknaráætlun 2020 – 2024 var settur fram skýr ásetningur Vesturlands í 42 áherslum í 5 málaflokkum sem voru svo hlutgerðar í stefnuþáttum eins og framtíðarsýn, meginmarkmiði hvers málaflokks og í 21 mælanlegu markmiði. Áætlunin markaði stefnu fyrir Vesturland og ákvarðaði hvaða áhersluverkefni komu til framkvæmda og hvaða verkefni fengu framgang úr Uppbyggingarsjóði. Á árunum 2020-2024 stýrði áætlunin úthlutun samtals rúmlega 577 milljónum króna. Hún styrkti rúmlega 500 verkefni sem Vestlendingar sóttu um og kostaði 29 áhersluverkefni.

Ný sóknaráætlun sem hér birtist er endurnýjun á sóknaráætluninni 2020-2024. Framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur hafa verið skerpt og endurbætt. Þær endurbætur voru unnar út frá forsendum ofangreinds samráðs við íbúa Vesturlands. Meginstefna sóknaráætlunar: Almennt er lagt upp með að styðja við verkefni sem auka samvinnu innan landshlutans.

A photograph of three runners (two women and one man) running away from the camera on a grassy path through a dense forest of evergreen trees. The runners are wearing athletic gear: a pink long-sleeve top and black leggings for the woman on the left, a red short-sleeve shirt and black shorts for the man in the middle, and a blue long-sleeve top and black leggings for the woman on the right. The text 'STADA LANDSHLUTANS' is overlaid in white serif font across the center of the image. A faint, dark hexagonal graphic is visible in the lower right quadrant.

STADA LANDSHLUTANS

hver er
SÉRSTAÐA
Vesturlands?



Vesturland nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í norðri og að botni Hvalfirði í suðri.


Frá Snæfellsnesi í vestri og upp á Langjökul í austri. Á svæðinu búa um **17.500** manns (1. janúar 2024) sem skiptast niður á 9 sveitarfélög. Fjölmennastur er **Akraneskaupstaður** með ríflega **8.000** íbúa. Undanfarin ár hefur íbúum fjölgað verulega í sunnanverðum landshlutanum. Á sama tíma hefur íbúafjöldi á Snæfellsnesi og Dölum staðið í stað. Í heildina hefur íbúum á Vesturlandi **fjölgað um 7%** síðustu 5 ár. Meðalaldurinn hefur á þessum árum hækkað úr 38,4 í 39 ár. Eldri borgarar eru 15,4% íbúa.



Íbúar
17.500



118 fyrirtæki
í ferðapjónustu



7.500
hestar



Á Vesturlandi eru fimm
viðurkennd söfn og sjö
menningarsetur

8.060
hótelrúm



Hæsti tindur
Eiríksjökull

1.675


115.000

tonnum af
fiski landað
árlega

47.285
ökutæki



Þar af 4% á
rafmagni




3.000
mjólkurkúr




50% ferðamanna
fara um Vesturland



9.021 karl
8.393 konur
5 kynsegin



1.612.900 tonn
fara um hafnir
árlega



60.000
kindur



Stöðumat



Atvinna og nýsköpun

- Á Vesturlandi er öflugir grunnatvinnuvegir; sjávarútvegur, iðnaður, landbúnaður og ferðaþjónusta.
- Á Vesturlandi er opinber þjónusta og þjónusta almennt mikilvæg atvinnugrein.
- Á Vesturlandi er mikill vöxtur og fjölmörg tækifæri í nýsköpun, menningu, listum og skapandi greinum.



Umhverfi og loftslag

- Á Vesturlandi hafa umhverfismál verið í deiglunni og margar áskoranir eru framundan.
- Á Vesturlandi hefur orðið vakning í aukinni bindingu kolefnis og jafnframt því að breyta hegðunarmynstri sem snýr að kolefnislosun.
- Á Vesturlandi hefur flokkun á úrgangi aukist á undanförunum árum.



Menning og skapandi greinar

- Á Vesturlandi er öflugt menningarstarf sem eykur lífsgæði íbúa og dregur að gesti.
- Á Vesturlandi er vaxandi starfsemi sem byggir á menningu, list og skapandi greinum.
- Á Vesturlandi eru gríðarleg tækifæri í að tengja matvælaframleiðslu, menningu og þjónustu við ferðafólk.



Mannauður og velferð

- Á Vesturlandi eru íbúar yfir landsmeðaltali er kemur að hamingju.
- Á Vesturlandi er ýmist ánægja eða óánægja með heilsugæslu og málefni aldraðra.
- Á Vesturlandi hefur strætóleiðum fjölgað um þrjár á síðustu fimm árum.
- Á Vesturlandi eru tveir háskólar og þrír framhaldsskólar.

Staða landshlutans 2024



Helstu styrkleikar

- Einstök náttúra
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Aðgengilegar auðlindir
- Gott mannlíf
- Öflugir þéttbýlisstaðir
- Menntastofnanir

Helstu veikleikar

- “Vesturland” sem hugtak
- Miskröftugt atvinnulíf
- Ólíkt þjónustuframboð
- Fækkun íbúa í dreifbýli
- Vegamál



Helstu áskoranir

- Fjölmening
- Húsnæðismál
- Loftlagsáhrif
- Ímynd
- Samgöngur
- Heilbrigðisþjónusta

Helstu tækifæri

- Mannauður
- Aðdráttarafl
- Óstaðbundin störf
- Skapandi greinar
- Landnýtingarmöguleikar
- Samgöngubætur

Þróun byggð á mælanlegum markmiðum sóknaráætlunar 2020-2024

Verk- og tæknimenntaðir
fjölgi um 7,5%

8%
2024

Urðun

Draga úr urðun sorps um 40%

+17%
2024

Menntunarstig
hækki um 5%

17%
2024

Bundið slitlag

aukist um 15%

8%
2024

Tekjur af ferðamönnum
aukist um 10%

29%
2024

Orkuskipti

Hraðhleðslustöðvum fjölgi um 50%

313%
2024

Ríkisstörf
fjölgi um 10%

8%
2024

Íbúar

fjölgun sl. 5 ár


7%
2024

A large fishing vessel, painted in green and white, is docked at a pier. The vessel has the number '1028' on its side and 'SANTHAR' and '801' written on the hull. The pier is made of dark wooden pilings. In the background, a large, rugged mountain with a flat top rises against a blue sky with scattered clouds. The water in the foreground is calm and blue. The text 'STEFNUÞÆTTIR' is overlaid in white, serif font across the center of the image.

STEFNUÞÆTTIR

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn er lýsing í hnitmiðuðu máli á því hvernig heimamenn sjá landshlutann fyrir sér á árinu 2029. Framtíðarsýnin upp dregur mynd af **eftirsóknarverðri stöðu** sem ætlunin er að ná og hverju heimamenn óska að hafa **áorkað** eftir tiltekinn tíma. Sóknaráætlun er einn liður í því að ná þeirri framtíðarsýn sem að er stefnt.



Á Vesturlandi hafa ný **atvinnutækifæri** stutt við **fólksfjölgun**. Vesturland býr að sterkri **ímynd** og er þekkt sem aðlaðandi kostur til **búsetu** í krafti góðrar þjónustu, sterkra innviða, öflugs atvinnulífs, og **menningarstarfs**. Aðgengi að **náttúruperlum** er gott og **laðar að** gesti og íbúa. Vesturland er til fyrirmyndar í **sjálfbærni**, **verndun náttúru og nýtingu auðlinda**. Vesturland er framsækið fjölmeningarsamfélag sem býr að ríkum **mannauð**.

Meginmarkmið



UMHVERFI OG LOFTSLAG

Efla umhverfisvitund íbúa, styðja við hringrásarhugsun, auka fjölbreytni í orkumálum og draga úr losun kolefnis með áherslu á réttlát umskipti.

ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Stuðla að vexti atvinnulífs, efla nýsköpun, hækka menntunarstig og fjölga óstaðbundnum störfum.



MANNAUÐUR OG VELFERÐ

Efla mannauð, bæta vellíðan, stuðla að inngildingu, félagslegri virkni og samstöðu í samfélaginu.



SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

2025-2029

MENNING OG SKAPANDI GREINAR

Auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera verðmætasköpun innan landshlutans ápreifanlega.



STEFNA OG MEGINÁHERSLUR MÁLAFLOKKA

Ytri áhrifaþættir

UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁL



UMHVERFI OG LOFTSLAG

Efla umhverfisvitund íbúa, auka vægi fjölbreyttra valkosta í orkumálum og stuðla að samdrætti í losun kolefnis með áherslu á réttlát umskipti.



ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Stuðla að vexti atvinnulífs, auka nýsköpun, hækka menntunarstig og fjölga óstaðbundnum störfum.



MENNING OG SKAPANDI GREINAR

Auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera ápreifanlega í verðmætasköpun landshlutans.



MANNAUÐUR OG VELFERÐ

Efla mannauð, bæta vellíðan, auka inngildingu og stuðla að félagslegri virkni og samstöðu í samfélaginu.

TÆKNIÞRÓUN/GERVIGREIND

RÍKIÐ

SVEITARFÉLÖG



Á Vesturlandi er fjölbreytt atvinnulíf sem nær frá sjávarútvegi og landbúnaði að stóriðju, ferðapjónustu og hugvitsgreinum. Atvinnulíf á Vesturlandi er stöðugt og býður upp á fjölbreytt atvinnutækifæri. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið veitir aðgang að stærri markaði og atvinnu- og viðskiptatækifærum sem og betra aðgengi að fjármögnun og þjónustu. Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst eru sterkar menntastofnanir sem styrkja tæknipekkingu og rannsóknir sem eru grundvallarþættir í atvinnuþróun Vesturlands. Á Vesturlandi er öflug nýsköpunarstarfsemi og frumkvöðlastarf sem eflir hagvöxt og fjölbreytt atvinnulíf.





1. Styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarf.
2. Efla ferðapjónustu sem byggir á sjálfbærni og nýtingu menningar- og náttúruverðmæta í sátt við náttúru og samfélag.
3. Stuðla að fjölgun atvinnutækifæra og gera Vesturland að spennandi kosti fyrir óstaðbundin störf.
4. Kynna Vesturland sem góðan fjárfestingarkost fyrir atvinnulíf með sjálfbærni að leiðarljósi.
5. Þróa áfram öflugt þekkingarsamfélag með auknu samstarf atvinnulífs og menntastofnana.





Vesturland státar af stórbrotinni náttúru, þar á meðal jöklum, fjöllum og fjörum sem bjóða upp á fjölbreytta útivistar- og náttúruupplifun. Náttúran og fagurt umhverfi eru grunnur að sjálfbærri ferðapjónustu Vesturlands. Vesturland er þekkt fyrir sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda sem tryggir langtíma varðveislu auðlinda fyrir komandi kynslóðir. Framfarir í umhverfisvernd og -stjórnun tryggja sjálfbærni og draga úr umhverfisáhrifum frá íbúum og fyrirtækjum. Íbúar á Vesturlandi hafa sterka umhverfisvitund sem endurspeglast í viðleitni til að draga úr kolefnislosun og vernda náttúruna.





1. Efla sjálfbærni í samfélaginu sem miðar að því að lágmarka vistspor og bæta orkunýtingu.
2. Stuðla að auknum viðnámsþrótti gagnvart loftlagsbreytingum.
3. Stuðla að virku hringrásarhagkerfi með bættri meðhöndlun úrgangs og endurvinnslu.
4. Efla fræðslu um umhverfis- og loftslagsmál sem styðji við breytt neyslumynstur og bættu nýtingu auðlinda.
5. Styrkja samvinnu á milli sveitarfélaga, fyrirtækja og almennings um loftslagsvænar lausnir og nýsköpun í umhverfismálum.





Menning og skapandi greinar

STYRKLEIKAR

Vesturland býr við ríka menningararfleið. Þar er ekki aðeins sögusvið Íslendingasagna heldur var hluti þeirra líka skrifaður þar. Á Vesturlandi er öflugt starf í fjölbreyttum listum, sem eflir ímynd svæðisins. Á Vesturlandi er fjölbreytt menningarlíf með listviðburðum sem efla samfélagsvitund og tengir íbúa saman. Sterk tenging atvinnulífs við skapandi greinar, til dæmis í matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu mynda sameinaða heild sem gerir Vesturland að suðupotti sem eykur aðdráttarafl svæðisins.



VESTURLAND
FYRIR UNGA
FÓLKID!





Menning og skapandi greinar

ÁHERSLUR

1. Gera Vesturland þekkt fyrir fjölbreytni í listum og menningu fyrir alla aldurshópa.
2. Styðja við menningarstarf og samstarf um sýningar, söfn og setur.
3. Bæta starfsumhverfi fólks í skapandi greinum með áherslu á nýsköpun listum.
4. Efla ímynd Vesturlands og nýta til þess styrkleika svæðisins.
5. Auka stuðning við grasrótastarf.

STYRKJUM
LISTALÍF!





Á Vesturlandi er gott að ala upp börn í öruggu samfélagi sem gerir það aðlaðandi til búsetu fyrir ungar fjölskyldur. Á Vesturlandi er hægt að sækja menntun allt frá leikskóla til háskóla, sem stuðlar að hæfileikaríkum mannauði og eflir samfélagið. Á Vesturlandi er kröftugt félagslíf, þar sem tómstundastarf, íþróttamenning og samheldni innan sveitarfélaganna skapar sterkan félagslegan grunn. Á Vesturlandi hafa sveigjanleiki og aðlögunarhæfni gert svæðinu kleift að nýta sér fjölbreytt tækifæri í menntun og atvinnulífi auk krafta inngildingar ólíkra hópa í samfélaginu.





1. Efla lýðheilsu og stuðla að farsæld barna og velferð allra með aukinni þátttöku í hreyfi- og virkniúrræðum.
2. Auka aðdráttarafl Vesturlands og kynna sem ákjósanlegan búsetukost.
3. Virða og styðja við fjölbreytileika samfélagsins með því að efla inngildingu og jafna tækifæri fyrir alla, óháð uppruna, kyni, aldri eða færni.
4. Styðja við fólk sem býr við skerta starfsgetu til að fá aðstoð og tækifæri á vinnumarkaði.
5. Gera sveitarfélögum auðveldara að mæta þörfum ungs fólks þegar kemur að húsnæði, menntun og atvinnu.



A scenic view of a beach with a wooden structure on the left, a rocky shore, and a large building in the background under a clear sky. The wooden structure has a waterfall-like feature. People are seen swimming and sunbathing on the beach. The background features a large, multi-story building and a mountain range with patches of snow.

GÖGN ÚR SAMRÁÐI

FÓKUSHÓPAR
STJÓRN OG STARFSFÓLK SSV

FYRIR HVAÐ STENDUR
VESTURLAND?



FÓKUSHÓPAR

BROTTFLOTUR VESTLENDINGAR

HVERS SAKNARÐU
AF VESTURLANDI?

A word cloud visualization of Icelandic words. The most prominent words are 'Fjarlægðanna' (Distance), 'Náttúrunnar' (Nature), and 'Smæðarinnar' (Smallness). Other visible words include 'Fjallanna' (Mountains), 'Lægðanna' (Lowlands), 'Fjölskyldunnar' (Family), 'Sundlauganna' (Sunday), 'innanbæjar' (In-town), 'öllu' (All), 'nágrannana' (Neighbors), 'Rólegheitanna' (Calmness), 'Samstöðunnar' (Support), 'Fjaranna' (Distance), 'pekkja' (Crest), 'mögulegu' (Possible), 'geta' (Can), 'tíma' (Time), 'er' (is), 'stuttanredda' (Shortage), 'Nándinni' (Closeness), and 'Fólksins' (People).

FÓKUSHÓPAR
UNGT FÓLK

HVERNIG ER AÐ VERA
UNGMENNI Á VESTURLANDI?




FÓKUSHÓPAR INNFLYTJENDUR


HVERNIG ER AÐ VERA INNFLYTJANDI Á VESTURLANDI?



Vitneskja um sóknaráætlun 2020-2024



Framkvæmd sóknaráætlunar 2020-2024



ÁHERSLUBRUNNUR

ALLAR ÁHERSLURNAR SEM FRAM KOMU Í VINNSLU SÓKNARÁÆTLUNAR

1. Efla heilbrigðisþjónustu og velferðarþjónustu með áherslu á farsæld og velferð.
2. Við viljum efla sjálfbærni og umhverfisvernd, bæta orkunýtingu og styðja við hringrásarhagkerfið.
3. Auka stuðning við menningartengt grasrótarstarf.
4. Þróa ferðapjónustu sem byggir á sjálfbærni og nýtingu menningar- og náttúruverðmæta í sátt við náttúru og samfélag.
5. Við viljum kynna Vesturland sem aðlaðandi búsetukost.
6. Við viljum vinna menntastefnu fyrir Vesturland.
7. Efla sjálfbærni og umhverfisvernd og tala um náttúruvernd.
8. Auka farsæld barna og velferð fjölskyldna, gæði lífs, menntun og atvinnutækifæri og gleyma ekki eldri borgurum.
9. Efla menningar- og söguferðapjónustu m.a. með nýsköpun.
10. Auka líkur á að ungt fólk velji sér búsetu á Vesturlandi.
11. Efla ímynd/sjálfsmynd Vesturlands inn á við og út á við.
12. Efla menningarstarf s.s. sýningar, söfn og setur en einnig farmtak einstaklinga.
13. Bæta orkunýtingu með fræðslu og öðrum aðgerðum.
14. Stuðla að því að heilbrigðis- og velferðarþjónusta sé eflad, með áherslu á farsæld barna, velferð fjölskyldna og lífsgæði allra!
15. Ýta undir lausnir í húsnæðismálum, sem henta ungu fólki sem og þeim eldri.
16. Auka vitund um gæði Vesturland, "Auðlindir svæðisins", fagra náttúru, áhugaverða sögu, menningu og matarauð.
17. Auka þekkingu/tengsl/samstarf til að ýta undir þróun nýrrar orkulausna Aukin menning: Aldrei fleiri menningartengdir viðburðir á Vesturlandi – Tengsl menningaruppbyggingar og fjölgunar íbúa.
18. Bæta aðgengi almennings að náttúru á sjálfbæran og ábyrgan hátt.
19. Við viljum leggja áherslu á landbúnað, sjávarnytjar og matvælaframleiðslu sem nýtir endurnýjanlegar auðlindir og staðbundna þekkingu. (við hugmyndafræði hringrásarhagkerfis).
20. Við viljum þróa ferðamennsku sem byggir á sjálfbærni og nýtir menningar- og náttúruverðmæti í sátt við náttúru og samfélag.
21. Við viljum styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika og bæta inngildingunni með aukinni félagslegri virkni.
22. Við viljum að Vesturland sé þekkt fyrir fagra náttúru, áhugaverða sögu, menningu og matarauð.

ÁHERSLUBRUNNUR

ALLAR ÁHERSLURNAR SEM FRAM KOMU Í VINNSLU SÓKNARÁÆTLUNAR

23. Kortleggjum og markaðssetjum Vesturland sem góðan fjárfestingarkost.
24. Eflum Vesturland sem spennandi kost fyrir störf án staðsetningar.
25. Eflum lýðheilsu allra: Virkni frá vöggu til grafar.
26. Fjölbreyttar og aðgengilegar húsnæðislausnir fyrir alla.
27. Framúrskarandi í nýtingu auðlinda og sjálfbærni í úrgangsmálum.
28. Við viljum gera Vesturland þekkt fyrir fjölbreytni í listum og menningartengdri afþreyingu.
29. Við viljum þróa ferðapjónustu sem byggir á nýtingu menningar- og náttúruverðmæta í sátt við samfélag.
30. Sjálfbærni er forsenda í allri uppbyggingu og byggðapróun.
31. Á Vesturlandi er öflugt stoðkerfi nýsköpunar og frumkvöðlastarf.
32. Fjárfestar leita til Vesturlands eftir sjálfbærum og hreinum fjárfestingatækifærum.
33. Vesturland er þekkt fyrir gæða matvælaframleiðslu og matarhandverk.
34. Listir eru grunnstoð atvinnulífs á Vesturlandi.
35. Menning á Vesturlandi auðgar mannlíf og ferðapjónustu í sátt við náttúru og samfélag.
36. Það er gott að búa á Vesturlandi fyrir vöggu til grafar:
37. Gott aðgengi að íbúðarhúsnæði fyrir alla og byggt upp á sjálfbæran hátt.
38. Við viljum kynna Vesturland sem aðlaðandi búsetukost með áherslu á farsæld, lífsgæði, gott fjölskyldulíf, menntun, atvinnutækifæri og fjölbreyttar lausnir í húsnæðismálum sem henta ungu fólki.
39. Við viljum auka stuðning við menningar-, íþróttar- og félagslegt grasrótarstarf.
40. Við viljum vera framúrskarandi í úrgangsmálum og styðja við hugmyndir í eflingu hringrásarhagkerfis.
41. Við viljum efla tengingu atvinnulífs og menntastofnanna m.a. með auknu starfsnámi.
42. Við viljum bæta aðgengi almennings að náttúru á ábyrgan máta.
43. Við viljum styðja við nýsköpunar og frumkvöðlastarf, styðja samstarf ólíkra starfa og efla samvinnurými.
44. Við viljum auka þátttöku í hreyfi- og virkni úrræðum allra aldurshópa.
45. Við viljum efla heilbrigðis- og velferðarþjónustu á Vesturlandi með áherslu á farsæld barna og fjölskyldna
46. Við viljum markaðssetja Vesturland sem ákjósanlegan búsetukost með áherslu á farsæld, gæði lífs, menntun og atvinnutækifæri.
47. Við viljum stórefla fræðslu um umhverfis og loftlagsmál.
48. Við viljum gera Vesturland þekkt fyrir öflugt menningarlíf og menningartengda afþreyingu.
49. Við viljum auka stuðning við menningartengda nýsköpun og grasrótarstarf.
50. Við viljum ýta undir Vesturland sem góðan fjárfestingarkost fyrir atvinnulíf.
51. Við viljum efla ímynd Vesturland inn og útá við.

ÁHERSLUBRUNNUR

ALLAR ÁHERSLURNAR SEM FRAM KOMU Í VINNSLU SÓKNARÁÆTLUNAR

52. Við viljum að Vesturland sé þekkt fyrir fagra náttúru, áhugaverða sögu, menningu og matarauð
53. Við viljum efla tengingu atvinnulífs og menntastofnana m.a. með auknu starfsnámi
54. Við viljum auka vitund um Vesturland og tækifæri sem þar liggja
55. Við viljum fjölga atvinnutækifærum og störfum án staðsetningar
56. Við viljum auka líkur á því að ungt fólk velji sér búsetu á Vesturlandi
57. Við viljum styðja samstarf, klasa og nýsköpunar- og samvinnurými
58. Við viljum ýta undir Vesturland sem góðan fjárfestingakost fyrir atvinnulíf
59. Við viljum leggja áherslu á landbúnað og matvælaframleiðslu sem nýtir endurnýjanlegar auðlindir og staðbundna þekkingu
60. Við viljum bæta orkunýtingu með fræðslu og öðrum aðgerðum
61. Við viljum auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa
62. Við viljum auka rannsóknir á umhverfis- og loftlagsmálum
63. Við viljum auka fræðslu og vitund á umhverfis- og loftlagsmálum
64. Við viljum bæta aðgengi almennings að náttúru á ábyrgan máta
65. Við viljum stuðla að sjálfbærni varðandi nýtingu auðlinda
66. Við viljum vera framúrskarandi í úrgangsmálum
67. Við viljum styðja við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins
68. Við viljum efla sjálfbærni og umhverfisvernd
69. Við viljum elfa samstarf um málefni safna, sýninga og setra
70. Við viljum auka stuðning við menningartengt grasrótastarf
71. Við viljum gera Vesturland þekkt fyrir fjölbreytni í listum og menningartengda afþreyingu með öflugri markaðssetningu
72. Við viljum efla menningar- og söguferðapjónustu
73. Við viljum bæta starfsumhverfi skapandi greina, m.a. með áherslu á menningartengda nýsköpun
74. Við viljum þróa ferðapjónustu sem byggir á sjálfbærni og nýtingu menningar- og náttúruverðmæta í sátt við náttúru og samfélag
75. Við viljum auka félagslega virkni íbúa.
76. Við viljum stuðla að verkefnum sem auka samvinnu innan landshlutans
77. Við viljum styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika og bæta inngildingu
78. Við viljum kynna Vesturland sem ákjósanlegan búsetukost með áherslu á farsæld, gæði lífs, menntun og atvinnutækifæri.
79. Við viljum að íbúar á Vesturlandi með skerta starfsgetu fái aðstoð, stuðning og tækifæri til að vera þátttakendur á vinnumarkaði.
80. Við viljum bæta lífsgæði aldraðra.
81. Við viljum auðvelda og samræma aðgengi að upplýsingum um velferðarþjónustu.
82. Við viljum að í boði séu fjölbreyttar og aðgengilegar lausnir í húsnæðismálum sem henta ungu fólki.



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI